

62
8. sept.

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 16, 19. maí 1930 [*Laun embættismanna*].

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

Fyrir orðin „til ársloka 1931“ í lagagreininni komi: til ársloka 1933.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

63
8. sept.

L Ö G

um

hýsing prestssetra.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

I. KAFLI.

Um byggingar íbúðarhúsa.

1. gr.

Þar, sem ekki eru viðunandi íbúðarhús á prestssetrum, skal reisa þau úr
varanlegu efni, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.